

# Stjórnarfundur FEB nr. 456

Stangarhyl 4, þriðjudaginn 2. febrúar 2021 kl. 13:30

Mætt: Ingibjörg H. Sverrisdóttir formaður; Kári Jónasson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar Eggertsson og Ólafur Örn Ingólfsson aðalmenn; og varamennirnir Finnur Birgisson og Sverrir Örn Kaaber.

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi voru Róbert Þ. Bender og Sigurbjörg Gísladóttir aðalmenn og Haukur Arnþórsson varamaður.

Formaður setti fund og bar upp fundargerð síðasta fundar, sem var samþykkt.

## Dagskrá:

### 1. Grái herinn

Formaður sagði frá framvindu í málsókn Gráa hersins. Fyrirtaka fór fram 29. janúar. Ríkislögmaður hefur lagt til að dómari vísi málinu frá, án þess að leggja fram frávísunarkröfu. Dómari hefur tekið sér umþóttunartíma og mun kveða uppúr hvort svo verði 16. febrúar nk.

### 2. Félagstíðindi FEB

Framkvæmdastjóri fór yfir efni næsta tölublaðs sem er fjölbreytt og ýmsar nýjar áherslur

### 3. Fréttir af félagsstarfi FEB

Framkvæmdastjóri gaf skýrslu og eins og verið hefur þá einkennist félagsstarfið af gildandi samkomutakmörkunum, en þó reynt eins og hægt er að hafa öfluga starfsemi. Áfram hefur verið látið reyna á námskeiðahald í gegnum netið og er fólk að ná æ betri tókum á tækninni við að taka þátt.

### 4. LEB fréttir

Formaður sagði frá því sem helst er að gerast á vettvangi LEB – Landssambands eldri borgara, þar sem hún situr í stjórn.

### 5. Uppstillinganefnd og kjörstjórn

Samþykkt hafa að sitja í uppstillinganefnd:

\* Brynjólfur Helgason

\* Sjöfn Ingólfsdóttir

\* Gunnhildur Hrólfsdóttir

Samþykkt hafa að sitja í kjörstjórn:

\* Þorbjörn Guðmundsson

\* Jóhanna Ragnarsdóttir

\* Haraldur Finnsson

### 6. Dagsetning aðalfundar

Ákvörðun helgast af samspili samkomutakmarkana og bólusetninga.

*Samþykkt að halda aðalfund 15. apríl 2021 – með fyrirvara vegna covid 19*

## 7. Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Formaður og Viðar sögðu frá fundi öldungaráðs deginum áður. En málefni sem fulltrúar FEB hafa lagt fram hafa fengið framgang í ráðinu.

## 8. Afgreiðsla tillagna frá aðalfundi 2020 sem var vísað til stjórnar

- a) Erna Indriðadóttir lagði til að skoðað væri að gera Gráa herinn að sérstakri deild innan FEB

*Samþykkt að fresta afgreiðslu.*

- b) Gísli Baldvinsson lagði til að skoðað væri að stofna sérstakt fulltrúaráð innan FEB til að efla félagsstarfið.

*Stjórn samþykkir að slíkt ráð sé óþarfi enda dreifist ábyrgð innan félagsins víða þar sem fjölmargar nefndir eru að störfum.*

## 9. Lóðartilboð

Formaður kynnti hugmynd sem hefur borist frá eiganda byggingaréttar lóðar miðsvæðis í borginni um að þar geti risið byggð fyrir eldri borgara. Hugmyndin enn á frumstigi og því ekki hægt að upplýsa um hana frekar.

## 10. Önnur mál

- a) Niko ehf.

Formaður sagði frá samskiptum sínum við forsvarsmann fyrirtækisins.

- b) Fulltrúaráð Múlabær / Hlíðabær

Óskað er eftir fulltrúa FEB í stað Sigríðar Snæbjörnsdóttur sem lætur nú af störfum.

*Samþykkt að Ingibjörg Óskarsdóttir gjaldkeri FEB taki hennar sæti.*

Fleira gerðist eki, fundi slitið.

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

*Ingibjörg Óskarsdóttir  
Ingurbjörg Guðadóttir  
Dagur Ólafsson  
Einarinnarson  
Ólafur Eggertsson  
Ingibjörg Óskarsdóttir  
Ólafur Eggertsson*